



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Fundur aðalstjórnar fimmtudagur 30. júní kl. 17:15 í Stjörnuheimilinu.

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Viðar Erlingsson (VE), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Víctor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Viðar Erlingsson (VE), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Víctor Ingi Olsen (VIO), Sigurður Bjarnason (SB) boðaði forföll.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Aðalstjórn, samþykkt.
 - Félagsráð, samþykkt.
2. Fundargerð mannvirkjanefndar
 - VIO formaður mannvirkjanefndar lagði fram fundargerð fyrsta fundar nefndarinnar og kynnti fyrstu skrefin í starfi nefndarinnar. Umræður um starf nefndarinnar og verkefni.
3. Afreksbraut FG
 - ÞÞ hóf máls á samstarfi félgsins við FG um afreksbraut. Umræður urðu um framgang verkefnisins á liðnum árum. ÞÞ falið að fylgja málinu eftir og afla frekari gagna.
4. Skipun í stjórn fimleikadeildar
 - Sólveig Valgeirsdóttir, Guðný Hansdóttir og Sigurjón Sigurðsson eru nýjir stjórnarmenn í fimleikadeild. Fyrir í stjórn sátu þau Ágústa Símonardóttir, Ágústa Jóhannsdóttir og Bjarni Kr. Stefánsson. Ný stjórn hefur ekki skipt með sér verkum en vinnur sameiginlega að undirbúningi næsta tímabils. Hanna Lóa Friðjónsdóttir hefur verið ráðin rekstrarstjóri deildarinnar.
5. Fjáröflunarverkefni
 - Upplýsingar um umræður innan félagsins vegna dósasöfnunar Hjallastefnunnar. Aðalstjórn telur mikilvægt að standa vörð um þetta verkefni innan félagsins og leita leiða til að auka tekjur félagsins af dósasöfnunum. Framkvæmdastjóra falið að skila greinargerð um hugmynd að reglulegri dósasöfnun í nafni félagsins.
6. Ritun sögu UMF Stjörnunnar
 - JSI gerði grein fyrir samskiptum við bæjaryfirvöld og stöðu verkefnisins.
7. Nefndaskipting
 - Laga- og reglugerðanefnd

SDR er formaður nefndarinnar. Hún mun í samráði við formann og framkvæmdastjóra manna nefndina.

Fyrsta verkefni nefndarinnar er að fara yfir lög og reglugerðir félagsins og vera tilbúin til nánari útfærslu á þeim bálkum í framhaldi af fyrirhugaðri stefnumótun félagsins.

Þá mun nefndin útfæra reglugerð um veitingu viðurkenninga. Einnig mun nefndin hafa með höndum útfærslu á reglugerðum um búninga félagsins og Stjörnumerkið í samráði við búninga- og útbreiðslunefnd.
 - Búninganefnd

Nefndin mun taka til starfa á haustdögum.

Fyrsta verkefni nefndarinnar er að fullgera tillögu að sam sameiginlegum utanyfirgalla fyrir allt félagið frá hausti 2012. Tillöguna skal leggja fyrir næsta aðalfund félagsins.



JSI er formaður nefndarinnar, þá munu SDR og ÞÞ eiga sæti í nefndinn auk fulltrúa deilda félagsins.

Nefndinni er ætlað að koma að útfærslu á reglugerð um búninga félagsins.

- ÚtbreiðslunefndMerki félagsins og auglýsingavörur

VO er formaður nefndarinnar, auk hans mun VE sitja í nefndinni. Frekari mönnun nefndarinnar er í höndum formanns hennar. Æskilegt er að leita út fyrir raðir aðalstjórnar og stjórna deilda um mönnun í þeim tilgangi að fá fram fleiri og ný sjónarmið.

Nefndinni er ætlað að koma að útfærslu á reglugerð um merki félagsins.

8. Önnur mál .

- Rekstraráætlanir deilda
 - o ÞÞ gerði grein fyrir stöðu áætlanagerðar. Umræður um eftirfylgni og verklag.
 - o Áætlun fimleikadeildar barst í vikunni. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að fara yfir áætlunina.